

Málörvun – alltaf alls staðar

Handbók um snemmtæka íhlutun



Leikskólinn Laugaland

Efnisyfirlit

Tilurð verkefnisins.....	4
Leikskólinn Laugaland.....	6
Læsisstefna Leikskólans Laugalandi.....	7
Þátttaka Leikskólans Laugalandi í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun	8
Markmið þróunarverkefnis.....	8
Eftirfylgni.....	9
Málþroski.....	10
Málörvun í leikskóla	12
Umhverfi leikskólans	13
Bernskulæsi	14
Snemmtæk íhlutun.....	15
Móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku	16
Skráning málþroska	17
TRAS.....	17
Orðaskil	17
HLJÓM-2.....	18
MOT.....	18
Niðurstöður skráninga og prófana	18
Sérkennsla.....	19
Skipulögð kennsla (TEACCH)	20
AEPS-matskerfið	20
Íslenski smábarnalistinn.....	20
Íslenski þroskalistinn.....	21
Skólaþjónusta.....	21
Málþættir.....	22
Sameinuð athygli og hlustun	22
Hljómfall tungumálsins og tónlist.....	22
Söngur/vísur	23
Orðaforði og setningamyndun.....	24
Lestur	24
Samtöl og frásagnir	25
Málörvun í leik.....	26
Námsefni.....	27
Bína bálreiða.....	27
Vináttuverkefnið Blær.....	28

Hugarfrelsi.....	28
Ljáðu mér eyra – Undirbúningur fyrir lestur.....	29
Lubbi finnur málbein.....	29
Lærum og leikum með hljóðin.....	30
Orðagull.....	30
SÓL.....	30
Tákn með tali.....	31
Tónmál.....	31
Tölum saman.....	31
Heimildaskrá	34

Tilurð verkefnisins

Haustið 2018 auglýsti Menntamálastofnun eftir þátttakendum í þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi* í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi Skólapijónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu ásamt Eddu G. Antonsdóttur þáverandi forstöðumanni ræddu við stjórnendur leikskólanna fimm og var ákveðið að sækja um þátttöku en leikskólarnir komust ekki að. Sama haust var leikskólaráðgjafi ásamt nokkrum starfsmönnum af leikskólum svæðissins á námskeiði hjá Ásthildi sem markaði upphaf samstarfs Skólapijónustunnar og Ásthildar. Leikskólarnir fimm á þjónustusvæði Skólapijónustunnar Leikskólinn Laugalandi, leikskólinn Heklukot, leikskólinn Örk, leikskólinn Mánaland og Heilsuleikskólinn Kaerabæ, samþykktu þátttöku og stóð verkefnið yfir frá hausti 2019 til vors 2021. Ásthildur Bj. Snorradóttir var verkefnastjóri varðandi innleiðingu á þessu þróunarverkefni í náninni samvinnu við Halldóru Guðlaugu Helgadóttur.

Mikill vilji er innan leikskólanna til að auka þekkingu og færni alls starfsfólks í vinnu með málörvun og málþroska leikskólabarna. Vaxandi fjölmennning á svæðinu ýtir undir þörf fyrir meiri þekkingu á málþáttum tungumálsins, málörvunarefni, undirstöðum fyrir lestur og hvernig megi nýta þá þekkingu sem best til snemmtækrar íhlutunar í leikskólastarfi. Stjórnendur leikskólanna fimm ásamt sveitarstjórnnum sveitarfélaganna fimm; Ásahrepps, Rangárbings ytra, Rangárbings Eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps og stjórn Skólapijónustunnar sýndu mikinn áhuga á að taka þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins eru:

- Að öll börn í leikskólunum nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti fyrir upphaf grunnskólagöngu.
- Að leikskólabörn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum.

- Að leikskólar taki leiðandi hlutverk í valdeflingu starfsfólks til að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar í daglegu starfi til að efla málfaðni og læsi.

Afurð verkefnisins er handbók fyrir hvern leikskóla sem unnin var samkvæmt aðgerðaráætlun og handbókarramma verkefnisins þar sem sérstök áhersla var lögð á að virkja allt starfsfólk leikskólans til þátttöku og að hugmyndafræði og sérstaða hvers leikskóla kæmi skýrt fram. Í handbókunum kemur fram hvernig hver leikskóli flokkar og nýtir á markvissan hátt málörvunarefni í leik og starfi. Verkferlar og vinnulag var gert skýrara ásamt uppbygginu málörvunarstunda og mati á árangri. Einnig var leitast við að efla leiðtogahlutverk leikskólanna þegar kemur að snemmtækri íhlutun vegna málþroska og undirstöðupátta fyrir læsi leikskólabarna.

Fjölbreytt fræðsla var veitt starfsfólki og vinnuhópum leikskólanna sem og foreldrum. Myndaður var tengiliðahópur innan hvers leikskóla til þess að halda utan um þróunarverkefnið. Jafnframt var leikskólunum veitt ráðgjöf við uppbyggingu á handbókunum, mikilvægum þáttum tengdum málþroska og læsi leikskólabarna og flokkun á námsefni. Starfsfólk leikskólanna hefur lagt mikla vinnu í handbækurnar og má segja að samvinna, seigla, umhyggja og metnaður hafi orðið leiðarljós vinnuhópanna.

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn til að handbækurnar yrðu sem bestar úr garði gerðar. Leikskólabörn munu njóta afraksturs vinnunar nú og til framtíðar.

Lengi býr að fyrstu gerð

Halldóra Guðlaug Helgadóttir

Leikskólaráðgjafi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Leikskólinn Laugaland

Leikskólinn Laugaland tók til starfa í maí 1996 og var þá staðsettur í Mýrarkoti, húsnaði sem nú hefur verið rífið. Sumarið 2007 flutti leikskólinn í sama húsnaði og hýsir Laugalandsskóla, í rými sem áður hét Súlnasalur. Fyrstu 20 árin var leikskólinn einnar deildar en 1. september 2017 var starfsemi leikskólans skipt upp í eldri og yngri deild. Yngri deildin fékk nafnið Holt og er hún áfram til húsa í gamla Súlnasalnum. Eldri deildin fékk nafnið Land og er hún staðsett á efri hæð hússins, í Miðgarði og þeim hluta hússins sem áður hýsti sveitarstjórnarskrifstofur Holta- og Landsveitar.


Í Holtum, yngri deild, eru þrír yngstu árgangar leikskólans, börn á aldrinum 1-3 ára. Uppi á Landi, eldri deild, eru tveir elstu árgangar leikskólans, börn á aldrinum 4-5 ára. Á hvorri deild er gert ráð fyrir að hægt sé að taka á móti 25 nemendum, en á vorönn 2021 eru 44 börn í leikskólanum, 23 á yngri deild og 21 á eldri deild.

Byggðasamlagið Oddi bs. er rekstraraðili Leikskólans Laugalandi en að baki byggðasamlaginu standa sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur. Í gegnum byggðasamlagið reka þessi sveitarfélög fjórar skólastofnanir, Leikskólann Laugalandi, Laugalandsskóla, Leikskólann Heklukot og Grunnskólann á Hellu.

Einkunnarorð Leikskólans Laugalandi eru Viska – Vinátta - Virðing

Hugmyndafræði leikskólans byggir að mestu á:

- Að hlýleg og traust umönnun stuðli að andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna.
- Að allir þurfa að þekkja eigin tilfinningar og að allar tilfinningar þarf að virða.
- Að mikilvægt sé að barnið læri góð samskipti og að vinna með öðrum.
- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.
- Að barnið læri í gegnum eigin upplifanir.
- Að barnið læri best í gegnum leik.
- Að hægt sé að kenna börnum grundvallaratriði hugsunar og þrautalausnar.
- Að börn fái að þroska eigin áhugahvöt



Læsisstefna Leikskólans Laugalandi

Leikskólinn Laugalandi starfar í anda skólanámskrár sem gefin var út árið 2015, en stefnt er að endurnýjun hennar á komandi skólaári 2021-2022 (Leikskólinn Laugaland, 2015). Vorið 2016 kom út sameiginleg læsisstefna leik- og grunnskólanna á Laugalandi. Í læsisstefnunni er lögð áhersla á gott samstarf skólastiganna og samfellu í málþroska barnanna. Á báðum skólastigum er lögð mikil áhersla á læsishvetjandi umhverfi, lestur og gott aðgengi að bókum við leik og störf. Þar kemur fram að málörvun fer fram í öllum stundum dagsins og að leikskólabörn séu hvött til noktunar tungumálsins með fjölbreyttum hætti (Hafdís Ásgeirsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Ragna Magnúsdóttir og Sigrún Björk Benediktsdóttir, 2016).

Þátttaka Leikskólans Laugalandi í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun

Líkt og áður kemur fram sóttist Skólapijónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu eftir því fyrir hönd leikskóla á starfssvæði sínu að taka þátt í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun í málproska. Leitað var til Ásthildar Bj. Snorradóttur, talmeinafræðings, um að veita verkefninu forgöngu. Ásthildur er ákafur talsmaður snemmtækrar íhlutunar og hefur leitt slík verkefni í fjölmörgum leikskólum undanfarin ár með góðum árangri.

Þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun í málproska var síðan hrint úr vör með heilsdagsnámskeiði þann 31. ágúst 2019. Í framhaldinu var skipaður vinnuhópur við leikskólann á Laugalandi. Í hann voru skipaðar Kristín Ósk Ómarsdóttir, leikskólakennari og deildarstjóri í Holtum, Erla Brimdís Birgisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri Lands. Síðar bættust í hópinn Hafdís Ásgeirsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Steindór Tómasson.

Starfshópur allra leikskólanna fundaði reglulega á því tímabili sem þróunarverkefnið var í vinnslu en á sama tíma fór fram vinna innan hópsins á Laugalandi. Halldóra Guðlaug, leikskólaráðgjafi hjá skólapijónustunni, var tengiliður allra vinnuhópana við Ásthildi.

Á sama tíma og vinna við þróunarverkefnið fór fram lagði Kristín Ósk, deildarstjóri í Holtum, lokahönd á meistararitgerð við Háskóla Íslands. Um var að ræða starfendarannsókn um málörvun ungra barna og var rannsókn Kristínar Óskar framkvæmd á yngri deild leikskólans á vormánuðum 2020. Sú fræðilega umfjöllun sem birtist hér í handbókinni svo og umfjöllun um málörvun barna byggir að stórum hluta á efnistökmum M.Ed. ritgerðar Kristínar Óskar. Er það með góðfúslegu leyfi Kristínar Óskar en hún sá einnig um ritun þessarar handbókar.

Markmið þróunarverkefnis

Megintilgangur með þátttöku Leikskólans Laugalandi í þróunarverkefni sem þessu er að þróa og festa í sessi vinnubrögð sem eru til þess fallinn að auka gæði leikskólastarfsins. Markmið snemmtækrar íhlutunar er að bera kennsl á frávik í málproska um leið og þeirra verður vart og að hefja strax markvissa vinnu við að draga úr þeim frávikum. Með því að beita ávallt viðurkenndum og


markvissum aðferðum við íhlutun er ætlun okkar að hámarka árangur hvers nemenda hvað varðar mál og læsi.

Undirmarkmið

- Að styrkja og efla málþroska allra barna í Leikskólanum Laugalandi
- Að auka þekkingu, færni og öryggi alls starfsfólks leikskólans í vinnu með málörvun og læsi
- Að festa í sessi ákveðin vinnubrögð við skráningu og mat á málþroska
- Að móta samhæfð viðbrögð innan leikskólans við frávikum í málþroska
- Að útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir börn með íslensku sem annað tungumál

Eftirfylgni

Mikilvægt er að þróunarverkefni sem þessu sé fylgt úr vör og kynnt vel fyrir öllu starfsfólki og foreldrum. Enn mikilvægara er síðan að viðhalda þeirri þekkingu sem hefur skapast með verkefninu og festa í sessi þau vinnubrögð sem hér eru kynnt. Á eftirfarandi mynd má sjá með hvaða hætti Leikskólinn Laugalandi mun fylgja þróunarverkefninu eftir og með hvaða hætti afrakstur verkefnisins verður kynntur með reglubundnum hætti. Það er á ábyrgð stjórnenda leikskólans að viðhalda því vinnulagi sem er boðað í þessari handbók. Það er síðan á ábyrgð alls starfsfólks að tileinka sér þau vinnubrögð sem hér eru kynnt.



Mynd 1. Eftirfylgni með vinnuaðferðum þróunarverkefnis

Líkt og myndin sýnir verður verkefninu fylgt úr vör með reglubundinni fræðslu til foreldra og starfsfólks leikskólans. Þá koma ráðgjafar skólapijónustu einnig til með að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi málþroska til stjórnenda og starfsfólks. Þá þarf einnig að tryggja það að innan leikskólans verði ávallt fagmenntaðir einstaklingar sem hafa öðlast réttindi til að nýta þau tæki sem notuð eru til skráninga og prófana á málþroska. Stækkaða mynd má sjá í fylgiskjali 1.

Málþroski

Málþroski barns hefst í raun strax í móðurkviði, þegar barn byrjar að nema hljóð úr umhverfi sínu. Rannsóknir á nýburum hafa sýnt að fljótlega eftir fæðingu greina börn rödd móður sinnar frá öðrum kvenröddum. Að sama skapi sýna rannsóknir að nýburar gera greinarmun á sínu eigin tungumáli og tungumáli sem er þeim ókunnugt (Brooks og Kempe, 2012). Það má því segja að tungumálanám ófædds barns hefjist um leið og það hefur líkamlegan þroska til að nema hljóð.

Máltaka er hugtak sem er notað um það ferli þegar börn læra tungumál, hvort heldur sem er móðurmál sitt eða nýtt tungumál sem annað mál. Máltaka er flókið ferli sem byggir á samspili margra þátta hjá barninu sjálfu og í umhverfi þess. Ef barn á að öðlast færni í notkun tungumáls er lykilatriði að barnið fái tækifæri til að eiga ríkuleg samskipti við fólk á móðurmáli sínu. Samskipti eru því lykilþáttur í málþroska barna.

Málskilningur er hugtak sem felur í sér þann skilning sem barn hefur á töluðu og síðar rituðu máli. Þróun málskilnings hefst um leið og umönnunaraðilar eiga fyrstu samskipti við barnið. Samskipti við ungabörn hafa tvíþættan tilgang. Þau eru afar mikilvæg upp á tengslamyndun barns við foreldra sína en á sama tíma styðja þau við málþroska barnsins. Tilraunir ungabarna til samskipta felast í ýmskonar hljóðum, en það eru viðbrögð umönnunaraðila hverju sinni sem hvetja barnið til að halda áfram að eiga samskipti. Rannsóknir hafa sýnt að jákvæð og viðeigandi viðbrögð fullorðinna við tilraunum barna til samskipta eykur tíðni slíkra samskipta og gæði þeirra (Brooks og Kempe, 2012). Hlutverk umönnunaraðila í málþroska barna er því mjög mikilvægt og hefur mikla þýðingu fyrir framvindu málþroska barnsins.

Hugtakið máltjáning vísar til getu barns til að tjá sig í töluðu og síðar rituðu máli. Börn byrja snemma að tjá sig með ýmskonar hljóðum en eftir því sem talfærin þroskast ná þau tökum á að framleiða ákveðin hljóð. Þegar við hlustum á barn tala sitt eigið tungumál þar sem það virðist herma eftir samtali, er barnið að þróa máltjáningu sína. Þróun málskilnings og máltjáningar er samofið ferli en þó þróast málskilningur mun hraðar, barn getur því skilið mun meira en það getur tjáð sig um (Otto, 2018). Hvert skref í þróun máltjáningar er mikilvægt, frá stökum hljóðum yfir í sérhljóðalengjur (svo sem úúúúííííóóóó) í félagslegum samskiptum við umönnunaraðila þróast vitund barnsins á þeim hljóðum sem það býr til og það lærir á hljóðkerfi tungumálsins. Það er ótalmargt sem barn þarf að læra til að ná tökum á móðurmáli sínu. En með styðjandi félagslegum samskiptum við umönnunaraðila læra flest börn, að því er virðist áreynslufítið, að nota tungumálið sér til gagns (Brooks og Kempe, 2012).

Börn sýna áhuga á samskiptum með bendingum og látbragði löngu áður en þau geta myndað orð. Eftir því sem þau eldast og færni þeirra eykst minnka bendingar og hljóð en orð og setningar taka við. Viðbrögð fullorðinna við tilraunum barna til samskipta skipta höfuðmáli en fá barn ekki viðeigandi svörun við tilraunum sínum getur það einfaldlega gefist upp. Því er afar mikilvægt að fullorðnir aðilar í umhverfi barnsins, hvort heldur sem er heima eða í leikskóla deili athygli með barninu og viðhaldi samskiptunum. Orðaforðanám barna veltur líka að miklu leyti á næmni fullorðinna fyrir áhuga barnsins. Með því að fylgja bendingum ungabarns, augnaráði eða hreyfingum og orða þá hluti sem barnið sýnir áhuga hvetur umönnunaraðili barnið til frekara náms (Brooks og Kempe, 2012).

Börn sem alast upp í málhvetjandi umhverfi er líklegri til að hafa mikinn orðaforða og standa betur að vígi hvað máltjáningu varðar á leikskólaaldri. Á herðar umönnunaraðila ungra barna er því lögð mikil ábyrgð. Á fyrstu mánuðunum í lífi barns myndar barnið tilfinningatengsl og það ferli er samofið þróun málsins. Í samspili barns við foreldra og aðra nákomna lærir barnið öll þau undirstöðuatriði sem það þarf að búa yfir til að verða farsæll notandi tungumálsins. Við upphaf leikskólagöngu verður framþróun málþroska barnsins síðan samvinnuverkefni foreldra og starfsmanna leikskóla. Allir sem eiga samskipti við barnið og annast það bera ábyrgð á því að rækja hlutverk sitt af alúð.

Málörvun í leikskóla

Leikskólaárin eru sérstaklega mikilvægur tími hvað málþroska varðar og nauðsynlegt að börn nái tökum á móðurmáli sínu strax á leikskólaaldri. Með notkun tungumálsins öðlast börn aukinn þroska og þekkingu á umhverfi sínu en tungumálið er sá miðill sem við notum til að miðla og taka við upplýsingum. Tungumálið er okkur nauðsynlegt til að koma óskum okkar og tilfinningum á framfæri en ekki síður til að skilja þær upplýsingar sem okkur berast úr umhverfinu. Sá málþroski sem barn öðlast á leikskólaárunum er síðan sá grunnur sem allt frekara nám byggir á. Börn sem öðlast góða færni í máltjáningu verða

sterkari námsmenn og börn með sterkan grunn í móðurmálinu eiga einnig auðveldara með að skilja nýtt námsefni og spyrja spurninga. Þá eiga þau börn einnig auðveldara með að eiga innihaldsrík samskipti við bæði kennara og jafnaldra.

Umhverfi leikskólans

Mikilvægt er að leikskólinn stefni markvisst að því að umhverfið sé málhvetjandi. Er þá átt við leikrými, leikföng, aðgengi að bókum, blöðum og skriffærum. En ekki síður er átt við að allt starfsfólk leikskólans sé meðvitað um ábyrgð sína varðandi það að sinna þörfum barna fyrir málörvun. Leikskólastjóri og deildarstjórar bera þá ábyrgð að uppfraeða ófagglært starfsfólk á hverjum tíma um mikilvægi málörvunar og í hverju hún felst. Flest börn hefja skólagöngu í leikskóla og eru því leikskólakennarar jafnt sem ófagglærðir starfsmenn fyrstu móðurmálskennarar barna. Því er mikilvægt að leggja áherslu á mikilvægi þess að allt starfsfólk séu góðar málfyrirmyndir barna.

Leikskólakennarar þurfa að hafa staðgóða þekkingu á þróun málþroska og eðlilegu ferli máltöku. Þá þurfa þeir að hafa kunnáttu til að bera kennsl á frávik í málþroska og hafa kunnáttu til að veita viðhlítandi stuðning. Málörvun þarf að tengja við öll samskipti, hvort heldur sem er í leik eða í öðru almennu starfi svo sem í matmálstímum eða fataklefa. Þá sýna rannsóknir að næmni kennarans og svörun við þörfum barna, tengslamyndun og nánd milli kennara og barna hafa jákvæð áhrif á málþroska barna. Leikskólakennarar þurfa því að vera mjög meðvitaðir um hlutverk sitt í tungumálanámi leikskólabarna, þeir þurfa að vera góðar málfyrirmyndir og leggja áherslu á að eiga innihaldsrík samtöl við börnin (Mashburn o.fl., 2009). Því eru persónulegir þættir starfsmanna leikskólans, áhugi þeirra á starfinu og tengsl við börnin mikilvægur þáttur í málörvun í leikskólanum.

Málörvun í leikskóla á sér stað alltaf og allsstaðar!

Bernskulæsi

Það umhverfi sem barni er skapað, bæði á heimili og í leikskóla, til að kynnast bæði töluðu máli og rituðu fellur undir skilgreiningar um bernskulæsi (e. *emergent literacy*).

Bernskulæsi er regnhlífahugtak yfir þá þætti sem mikilvægt er að börn nái að þróa með sér á leikskólaaldri. Á þeim árum viðar barnið að sér færni og þekkingu í málskilningi og málnotkun og viðhorf þess til frekari notkunar



tungumálsins mótask um leið. Þannig hefst lestrarnám barnsins nokkrum árum áður en raunveruleg lestrarkennsla á sér stað. Bernskulæsi barns byggir því á þeirri málörvun sem barnið hlýtur á fyrstu árum lífsins ásamt viðhorfi og hvatningu umhverfisins gagnvart lestri og ritun (Halldóra Haraldsdóttir, e.d.). Það mikilvægasta sem allir fullorðnir geta gert til að styðja við bernskulæsi er að lesa sjálfir fyrir börnin. Hvort heldur sem er heima eða í leikskólanum.

Fari börn á mis við þá færni sem felst í bernskulæsi hefur það áhrif á möguleika viðkomandi til að öðlast færni í lestri og ritun síðar á lífsleiðinni (Gillis, Luthin, Parette og Blum, 2012). Það er því mikilvægt að kennarar séu meðvitaðir um að skapa læsishvetjandi umhverfi strax í leikskóla. Kennarar styðja við þróun bernskulæsis með því til dæmis að lesa fyrir börn, að hafa tiltækt ritmálsörvandi efni á borð við bækur, pappír og rittföng, en ekki síður að vera sjálfir góðar fyrirmyndir og lesa og skrifa með börnunum. Með því að skipuleggja námsumhverfið og námsefnið og vera skapandi í að víkka reynsluheim barnanna getur góður kennari stutt með jákvæðum hætti við málproska barnsins og þróun bernskulæsis (Bennett-Armistead o.fl., 2005; Byington og Kim, 2016).


Snemmtæk íhlutun

Eigi barn í erfiðleikum með að ná tókum á einhverjum þáttum tungumálsins þá skipta leikskólaárin sköpum í því að barnið fái aðstoð við hæfi. Rannsóknir sýna, svo ekki verður um villst, að bilið milli þeirra sem standa sterkum fótum og hinna sem glíma við erfiðleika brekkar jafnt og þétt ef ekki er gripið til stuðningsúrræða strax á þessum aldri (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að fylgjast náið með með málþroska barna og grípa til viðeigandi ráðstafana um leið og grunur leikur á að barn glími við erfiðleika í máltöku. Með reglubundinni skráningu á málþroska má sjá hvort barn fylgi jafnöldrum sínum í máltöku eða hvort vísbendingar séu um seinkaðan málþroska. Þegar mat á málþroska liggur fyrir og ljóst er að barn þarf á stuðningi að halda við einn eða fleiri þætti málþroska er mikilvægt að grípa til markvissra og viðurkenndra aðferða. Þar kemur hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar til skjalanna. Með því að ramma inn þá málörvun sem barnið þarf á að halda, með hvaða hætti henni verður sinnt og hver eftirfylgni verður með þjálfuninni má tryggja að barnið fái þá þjálfun og kennslu sem barninu er nauðsynleg. Með því að greina vandann snemma má draga verulega úr þeim erfiðleikum sem seinkaður málþroski kann að hafa á möguleika barnsins til náms síðar meir (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014).

Móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Mikilvægt er að huga sérstaklega að móttöku barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í leikskólanum Laugalandi fara eftirfarandi verkferlar í gang þegar barn sem ekki talar íslensku byrjar í leikskólanum.



Mynd 2. Verkferill vegna móttöku barna með annað móðurmál en íslensku

Líkt og myndin sýnir er lögð áhersla á samskipti við foreldra og notkun mynda og tákna í samskiptum. Er það gert til að tryggja með sem bestum hætti að barninu séu færð verkfæri til tjáningar. Lagt er upp með að einstaklingsþjálfun hefjist um leið og barn hefur aðlagast leikskólaumhverfinu. Það er í höndum sérkennslustjóra og deildarstjóra að setja einstaklingsbundin námsmarkmið sem eru endurmetin á tveggja mánaða fresti. Mikilvægt er að hefja markvissa

innlögn orðaforða og veita foreldrum upplýsingar um þá þætti sem verið er að vinna með hverju sinni. Stækkaða mynd má sjá í fylgiskjali 2.

Skráning málproska

Ýmis skráningarform og mælitæki eru notuð í leikskólum til að fylgjast með framvindu málproska barna. Eftirfarandi er umfjöllun um þau skráningarform sem notuð eru með reglubundnum hætti við Leikskólann Laugaland.

TRAS

TRAS (n. Tidlig registrering af språkudviklinger) er skráningarlisti þróaður af norskum sérfræðingum í sérkennslu og talmeinafræði. Skráningarlistinn er ætlaður til notkunar af fagfólki fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Með markvissri notkun *TRAS* skráningarlistans geta leikskólakennarar og annað fagfólk fengið yfirsýn yfir stöðu barns og framvindu málproska. Skráningin gefur ákveðnar vísbendingar um það hvort málproski barnsins fylgi eðlilegu mynstri máltöku. Að sama skapi gefur listinn vísbendingar um það ef málproski barns vísar að einhverju leyti frá því sem eðlilegt getur talist fyrir viðkomandi aldur. *TRAS* hentar vel til notkunar við snemmtæka íhlutun þar sem notkun listans byggir á markvissum og reglubundnum athugunum sem fylgt er eftir með markvissri íhlutun fyrir þau börn sem þurfa á því að halda (Endurmenntun Háskóla Íslands, 2018).

Orðaskil

Orðaskil er málproskapróf sem inniheldur m.a. orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum 18 til 36 mánaða. Með útfyllingu listans má meta stærð orðaforða barna ásamt því hvort þau hafa náð valdi á beygingum og setningagerð tungumálsins. Gátlistanum fylgja aldurstengd viðmið og því hægt að bera niðurstöður hvers barns saman við meðaltalssvörun jafnaldra. Notkun prófsins gefur því sterkar vísbendingar um hvort orðaforði, beygingar og setningagerð mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er íslenskt próf í leikjaformi sem notað er með öllum börnum í elsta árgangi leikskólans. Markmið með notkun *HLJÓM-2* er að meta hljóðkerfis- og málvitund barnanna í því skyni að bera kennsl á þau börn sem eru í áhættu varðandi lestrarerfiðleika. En slök hljóðkerfis- og málvitund er talin ein helsta orsök lestrarvanda hjá börnum. Niðurstöður úr *HLJÓM-2* eru notaðar til að styrkja sérstaklega þau börn sem sýna slaka færni í prófuninni og er þá unnið markvisst með þá hljóðkerfisþætti sem hvert barn þarf að styrkja. *HLJÓM-2* prófið er lagt fyrir allan árganginn við upphaf síðasta leikskólaárs og síðan aftur í janúar hjá þeim nemendum sem sýndu slaka færni við fyrri prófun. Við seinni prófun er þá metið hvort markviss vinna með ákveðna þætti hafi skilað sér eða hvort vinna þurfi enn frekar að því styrkja færni nemandans (Jóhanna Einarsdóttir, e.d.).

MOT

Hreyfiproskaprófið *Mot 4-6* er notað til að meta hreyfiproska barna á aldrinum fjögurra til sex ára. Prófið samanstendur af 18 verkefnum sem mæla liðleika, samhæfingu, færni, fínhyrfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða sem og nákvæmni hreyfinga. *Mot* prófið er lagt fyrir tvo elstu árganga leikskólans í janúar ár hvert. Nemandi fær ákveðin fjölda stiga eftir því hversu vel honum tókst að leysa verkefnin. Heildarstigafjöldi gefur síðan ákveðna hreyfitölu miðað við aldur barnsins (Elísabet Ólafsdóttir, e.d.). Fyrirmæli í *Mot* hreyfiproskaprófinu eru munnleg og reyna því á málskilning þess barns sem prófið tekur. Þrátt fyrir að *Mot* sé einungis ætlað að meta hreyfiproska barns gefur það prófandanum ákveðnar vísbendingar um stöðu barnsins hvað málproska varðar ef gengi barnsins í prófinu er á annan veg en almennur hreyfiproski barnsins gefur tilefni til.


Niðurstöður skráninga og prófana

Allar niðurstöður formlegra skráninga eða prófana á nemendum skulu kynntar foreldrum. *TRAS* skráningar fara alla jafna fram tvisvar á ári, séu engin frávik sjáanleg eru niðurstöður kynntar í foreldraviðtölum. Það sama á við um niðurstöður *Mot*, *HLJÓM-2* og *Íslenska þroskalistann* þegar hann er nýttur til

skimana. Sýni skráningar merki um frávik sem kanna þarf frekar ber deildarstjóra að kalla foreldra til viðtals, kynna þeim niðurstöðu og fá foreldra til samstarfs um frekari vinnslu niðurstaðna til að styrkja málþroska barnsins.

Sérkennsla

Við Leikskólann Laugaland starfar sérkennslustjóri og hefur hann yfirumsjón með vinnslu þeirra mála þar sem styrkja þarf nemendur með einstaklingsbundnum hætti. Deildarstjóri óskar eftir aðkomu sérkennslustjóra að málefnum nemenda í kjölfar samráðsfundar með foreldrum. Eftirfandi mynd sýnir þann feril sem mál fær eftir slíkan fund. Myndin sýnir einnig hvernig aðkomu Skólaþjónustu er háttað, sé eftir henni óskað.



Mynd 2. Verkferlar sérkennslu og aðkomu skólaþjónustu

Líkt og myndin sýnir hefst formleg aðkoma sérkennslustjóra ekki fyrr en eftir að samráð hefur verið haft við foreldra. Í kjölfarið á deildarstjóri viðtal við sérkennslustjóra og deilir með honum niðurstöðum skráninga. Sérkennslustjóri hittir síðan barnið með reglubundnum hætti næstu þrjár vikur og leggur mat á

þörf barnsins fyrir íhlutun. Er þá haldin annar samráðsfundur með foreldrum þar sem teknar eru ákvarðanir um frekari skráningar eða prófanir og sett eru námsmarkmið. Hlutverk og ábyrgð foreldra í þessu ferli er engu minna en starfsmanna leikskólans, árangur barnsins byggir á góðri samvinnu allra aðila með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Stækkaða mynd má sjá í fylgiskjali 3.

Skipulögð kennsla (TEACCH)

Skipulögð kennsla er kennsluaðferð byggir á því að nota sjónrænt skipulag til að mæta veikleikum barna hvað varðar boðskipti og félagsleg samskipti. Um er að ræða hugmyndafræði sem byggir á áralöngum rannsóknum í því hvernig meggi best styðja við fólk með raskanir á einhverfurófi. Líkanið um skipulagða kennslu felst í því að setja upp vinnustundir sem fylgja ákveðinni dagskrá og nota sjónrænt boðskiptakerfi (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d. b). Þrátt fyrir að hugmyndafræði skipulagðrar kennslu hafi verið þróað fyrir börn með raskanir á einhverfurófi þá nýtast þessar aðferðir öllum börnum sem glíma við frávik í málþroska.

AEPS-matskerfið

AEPS matskerfið er hagnýtt verkfæri sem nýtist vel við skipulagningu íhlutunar. AEPS felst í matslistum sem lagðir eru annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir starfsfólk leikskóla. Listarnir meta færni barnsins á sex þroskasviðum, fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. Niðurstöður matsins gefa vísbendingar um hvaða færni barnsins þarf helst að styrkja. Við notkun listans og nýtingu niðurstaðna er lögð áhersla á samstarf foreldra og leikskóla til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram. Þá má nýta niðurstöður matsins með markvissum hætti við gerð og endurmat einstaklingsnámsskrár (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d. a).

Íslenski smábarnalistinn

Íslenski smábarnalistinn er mælitæki sem ætlað er að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg barna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Listinn samanstendur af 144 staðhæfingum sem mæður svara um börn sín.

Smábarnalistinn er eina staðlaða mælitækið hérlandis til nota við þroskamat með börnum á þessum aldri og er því notað þegar gera þarf þroskamat en einnig til að fylgjast með framvindu í þroska barns. Þá er *Smábarnalistinn* einnig notaður þegar úrvinnsla úr öðrum skráningum innan leikskólans gefur tilefni til að leita með formlegum hætti eftir þroskafrávikum hjá barni. Þær niðurstöður sem fást með notkun smábarnalistans geta því gagnast leikskólakennurum og foreldrum við að ákveða hvort vísa þurfi barni til frekari greiningar á þroskafrávikum (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2005).

Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er mælitæki sem ætlað er að meta málþroska, hreyfiproska og sjálfsbjörg barna á aldrinum þriggja til sex ára. Listinn samanstendur af 208 staðhæfingum sem mæður svara um börn sín. Líkt og með *Smábarnalistann* er þroskalistanum ætlað að leita með formlegum hætti eftir þroskafrávikum hjá barni (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2005). Við Leikskólann Laugalandi er Íslenski þroskalistinn einnig notaður sem skimunartæki og þess farið á leit að honum sé svarað fyrir öll börn í næstelsta árgangi leikskólans. Er það gert til að fá heildstæða mynd af stöðu barnanna fyrir síðasta ár þeirra í leikskólanum. Gefi niðurstöður vísbendingar um einhvern vanda sem skoða þurfi frekar er það því gert á lokaári barnsins í leikskólanum.

Skólapjónusta

Á vegum Skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfar hópur sérfræðinga sem koma að málum þegar hefðbundin úrræði leikskólans skila ekki viðunandi árangri. Málum einstakra barna er vísað áfram til skólapjónustu í samræmi við ferilmýndina hér að framan. Áður en máli er vísað áfram er gert ráð fyrir að unnið hafi verið að málinu innan leikskólans með formlegum hætti. Þeir sérfræðingar sem helst koma að málefnum leikskólabarna eru leikskólaráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur. Þá er einnig hægt að óska sérstaklega eftir aðkomu ráðgjafarþroskapijálfa, sé þörf á ráðgjöf eða íhlutun vegna gruns um þroskafrávik.

Málþættir

Eðlilegur málþroski byggir á þróun margra þátta sem hver og einn gegnir veigamiklu hlutverki, verði frávik í þróun eins þá getur það haft áhrif á þróun annarra þátta málþroska. Því er mikilvægt að í leikskólastarfinu sé hugað jafnt að öllum málþöttum og hvernig unnið sé að því að örva hvern og einn. Eftirfarandi er umfjöllun um þær áherslur sem lagðar eru til grundvallar málörvun við Leikskólann Laugalandi.

Sameinuð athygli og hlustun

Færni barns til að sameina athygli sína með öðrum er ein af grunnstoðum málþroska. Til þess að barn geti náð þessari færni þarf það að vera fært um að halda augnsambandi. Með sameinaðri athygli er átt við að barn og umönnunaraðili veiti sama hlut athygli á sama tíma. Barnið getur þá fylgt augnaráði og líkamlegum bendingum og lesið í merkingu orða út frá hegðun viðmælanda síns. Þannig lærir barn að átta sig á merkingu orða löngu áður en það sjálft getur notað orðin (Brooks og Kempe, 2012).

Einn af undirþáttum málskilnings er hlustunarskilningur, en í því felst sá skilningur sem við fáum í merkingu orða og setninga við að hlusta á talað mál. Í hlustunarskilningi felst einnig hljóðræn úrvinnsla, að þekkja og greina tal og skilja merkingu stakra orða. Eftir því sem börn eldast þurfa þau að geta skilið lengri og flóknari frásagnir í samfelldu máli og þá reynir meira á vitsmunalega þætti, þar sem barn þarf að geta skilið samhengi frásagna og málfræðina sem tengir orð í setningar (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Hljómfall tungumálsins og tónlist

Tileinkun málhljóða er forsenda þess að barn nái tökum á móðurmáli sínu og góð hljóðkerfisvitund er nauðsynlegur grunnur fyrir lestrarnám barnsins síðar meir. Fyrstu samskipti barna byggja á einföldum hljóðum og hljóðakeðjum sem líkja má við söng. Þegar börn byrja að æfa sig að segja orð og stuttar setningar má oft heyra á hrynjanda frekar en skýrum framburði hvað barnið er að tala um. Fullorðnir eiga það einnig til að nota aðra og ýktari raddbeitingu við börn

en fullorðna og má leiða líkum að því að sá samskiptaháttur fullorðinna styðji barnið í því að ná tökum á hljómfalli og málhljóðum tungumálsins (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013).

Söngur/vísur

Markviss notkun á rímuðum vísum og söng samfara táknrænum hreyfingum eflir sameinaða athygli og eflir um leið vitsmunaproska og málskilning (Björn o.fl., 2012). Með því að nýta vísur og söngva er verið að vinna með hljómfall



tungumálsins. Fyrir yngri börn er sérstaklega gott að hreyfingar fylgi með og með endurtekningu geta ung börn fljótlega tekið þátt í söngnum (Bylander, 2017). En tákn og hreyfingar sem fylgja mörgum leikskólasöngvum eru oft talin mikilvægasti hluti söngsins þegar börn eru fyrst að læra að syngja (Forrester, 2010).

Töluvert er til af íslensku efni til að styðja við máltöku barna í gegnum tónlist, söng, vísur og þulur. Í bókinni *Með á nóttunum 2* má finna 58 vísur og leiki byggða á tónlist. Notkun á efni bókarinnar er ætlað að efla söng- og tónlistarfærni barna og í leiðbeiningum sem bókinni fylgja er hvatt til þess að notendur örvi mál- og hreyfiproska barna með því að ýkja svipbrigði og hreyfingar. Þá er einnig leiðbeint um hvernig fara skuli með þulur, með taktföstum hætti og gera hreyfingar með (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 2010). Ýmsa söngvaleiki má finna í bókinni *Í grænni lautu* ásamt leiðbeiningum um hvernig leikirnir eru framkvæmdir. Um er að ræða fjölbreytta samsetningu söngvaleikja sem henta börnum á leikskólaaldri (Ragnheiður Gestsdóttir, 2010).


Gamlar þulur og vísnarunur eru einnig góð leið til að þjálfra hljóðkerfisvitund barna. En með því að hlusta á hljómfallið læra börnin hrynjanda og framburð tungumálsins (Helga Friðfinnsdóttir ofl., 1999). Í bókinni *Vísnaugull* má finna 30 íslenskar vísur, þulur og söngva til að æfa með börnum.

En efni bókarinnar er sérstaklega ætlað allra yngstu börnunum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2015).

Úr nægu efni er því að móða þegar leitast er við að nýta tónlist til málörvunar barna. Með því að kenna börnunum taktfastar þulur og vísur læra þau hljómfall tungumálsins, skynja taktinn og læra að gera hreyfingar með. Um leið eflast þau í sameinaðri athygli og hlustun á sama tíma og þau útvíkka orðaforða sinn. Þá búa gamlar þulur og vísur oft yfir ríkari orðaforða en við notum í daglegu tali og því tilvalin efniviður fyrir eldri börn að vinna með.

Orðaforði og setningamyndun

Orðaforði barna eykst á miklum hraða á fyrstu árum leikskólagöngu. Meðalorðaforði íslenskra barna um 18 mánaða aldur er um 50 orð. Við tveggja ára aldur hefur tjáningarorðaforði aukist mjög og er um 300 orð. Þessi skyndilega aukning á orðaforða hefur verið kölluð vaxtarkippur (e. *Vocabulary spurt*) (Elin Thordardóttir og Weismer, 1996).




Að búa yfir góðum orðaforða er lykilatriði í því að hafa færni í að skilja talað mál. Á sama tíma og barn þróar málskilning sinn safnar það orðaforða og byggir undir frekara nám. Í framhaldi af því að barn lærir að skilja og skynja tungumálið með hlustun þróast lesskilningur. Lesskilningur felur í sér fjölbætta hugræna úrvinnslu sem einnig byggir á góðum orðaforða.

Lestur

Lestur er góð leið til að efla alla þætti málþroska og því afar mikilvægt að nýta leikskólaárin til að lesa fyrir börn og búa þeim lestrarhvetjandi umhverfi innan leikskólans (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014). Bóklestur er talin góð leið til að efla orðaforða barna en orðaforði í sögubókum er oft ríkari af fjölbreyttum orðum en við notum í daglegum samskiptum. Þá er lestur einnig góð leið til að efla skynjun barna á hljómfalli tungumálsins, þar sem söguþráður bókar býður

oft upp á fleiri tilbrigði tilfinninga og meira látbragð en hefðbundin samskipti. Þá eru fjölbreytt samskipti í gegnum lestur til þess fallin að barn öðlist frekari færni í setningarfræði tungumálsins (Bennett-Armistead o.fl., 2005). Fullorðnir eiga það til að breyta textanum í takt við þroska barnsins, spyrja spurninga úr textanum eða nota myndmálið til að bæta við söguna. Þá má einnig ýta undir hljóðfræðipækkingu barnsins með því að skoða myndabækur og nota fjölbreytt hljóð og mismunandi hljómfall við lesturinn. Með lestri fjölbreyttra bóka getur barnið síðan öðlast dýpri skilning á félagslegu samhengi tungumálsins en slíkar bækur hafa annan sögustíl en staðreyndabækur og með því að kynnst fjölbreyttum formum tungumálsins eflist færni barnsins í fjölbreyttri notkun þess. Kennarar þurfa að leggja sig fram um að sýna börnum fjölbreytileika málsins, með lestri þar sem börnin læra merkingu nýrra orða, með frásögnum og fyrir eldri börn með rituðu máli (Otto, 2018).

Fullorðnir skapa menninguna í kringum bækur í lífi barnsins. Það er því mikilvægt að börn fái næg tækifæri til að hlusta á sögur lesnar af bæði foreldrum og kennurum. Þá er einnig mikilvægt að kynna fjölbreyttar bókmenntir fyrir börnum, svo sem myndabækur, sögubækur og fræðibækur. Kennarar þurfa líka að vera meðvitaðir um að gefa börnum tækifæri til að eiga samskipti um efnið sem lesið er. Hvetja til umræðna um efni sögunnar og aðstoða börnin jafnvel við að nýta söguþráðinn í leik (Morrow og Gambrell, 2005).



Samtöl og frásagnir

Allar stundir dagsins má nýta til málörvunar en rannsóknir hafa sýnt að leikskólakennarar sem eru sérstaklega meðvitaðir um að nýta matartímann til málörvunar eiga það til að ræða við börnin á mun breiðari grundvelli en í leik eða við lestur. Þar geta farið fram samræður um hvort heldur sem er fortíð eða

framtíð, fjölskyldur barnanna eða aðra hluti sem eru alls óskyldir mat (Degotardi o.fl. 2016).

Ef efla á frásagnarhæfni barna þarfnast slíkt þjálfunar og hvatningar frá umhverfinu. Í rannsókn sem gerð var á sögubýggingu og samloðun í frásögnum barna í fjórum aldurshópum, þriggja ára, fimm ára, sjö ára og níu ára kom í ljós að þriggja ára börn höfðu ekki náð þeirri færni að geta sagt heildstæða sögu. Það gátu fæst fimm ára barnanna en sýndu þó færni umfram þriggja ára börn í notkun þátíðar og samtenginga. En í rannsókninni fólst að börnin voru beðin um að segja sögu eftir fyrirmynd úr bók. Hins vegar sýna börn allt frá fjögurra ára aldri ákveðna færni í söguuppbyggingu ef þau geta byggt söguna á eigin reynslu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004). Með því að nýta fjölbreytt samskipti í daglegum athöfnum í leikskólanum getur leikskólakennarinn hvatt barnið áfram í því að æfa sig í frásögnum af atburðum í daglegu lífi barnsins.

Málörvun í leik

Ein besta aðferðin til að hlúa að málþroska barna er að búa þeim umhverfi þar sem þau fá tækifæri til að nota tungumálið í leik (Lee o.fl. 1997). Í leik við jafnaldra sína þurfa börn að geta komið hugmyndum sínum í orð og svarað hugmyndum annarra barna um

þróun leiksins. Hlutverk kennarans er þó afar mikilvægt en með því að endurtaka hugmyndir barnanna og nota þá fjölbreyttari orðaforða leggur kennarinn inn ný orð sem notast í leiknum og verður hluti af orðaforða barnanna. Í leik fá



börn tækifæri til að prófa sig áfram með ýmis hlutverk, hugmyndir og tilfinningar. Við mismunandi leikaðstæður með jafnöldrum æfa börn sig í að herma eftir hlutverkum hinna fullorðnu, tali og hegðun. Á sama tíma skapa þau reglur leiksins og vinna saman að lausn vandamála. Ef lítið er til kenninga

Vygotsky um háþörkun mögulegs þroska gegna bæði leikskólakennarar og börn mikilvægu hlutverki í þessum aðstæðum. Jafnaldrar geta stutt við þroska þeirra barna sem í leiknum eru með eigin færni og þannig skapað aðstæður til lærdóms fyrir önnur börn. Með því að sýna færni sína í leiknum skapast því stuðningur (e. *scaffolding*) við lærdóm hinna barnanna (Wood, 2013).

Námsefni

Eftirfarandi er stutt umfjöllun um það fjölbreytta námsefni og aðferðir sem nýttar eru við málörvun í leikskólanum á Laugalandi. Hins vegar má ekki gleyma mikilvægi og ábyrgð starfsfólks við notkun námsefnis og að nýta eigin styrkleika og færni til málörvunar í öllum samskiptum við börnin – alltaf og alls staðar.

Bína bálreiða

Bækurnar um Bínu bálreiðu eru skrifaðar af Ásthildi Bj. Snorradóttur (2006), talmeinafræðingi. Bækurnar fjalla um dúkkuna Bínu og hvernig hún lærir viðeigandi boðskiptafærni. Í fyrstu bókinni lærir Bína ýmis undirstöðuatriði sem mikilvægt er að börn nái tökum á til að verða farsælir námsmenn. Þannig lærir Bína að bíða, hlusta, sitja kyrr, passa hendur, skiptast á og einnig lærir hún að muna. Lögð er áhersla á þessar grunnfærni strax á fyrsta ári í leikskólanum. Myndir af Bínu bálreiðu má sjá víða inni á deildunum ásamt því að efnið er kynnt með markvissum hætti fyrir börnum á yngri deildinni.



Vináttuverkefnið Blær

Vinátta er forvarnaverkefni Barnaheilla (Save the children á Íslandi) gegn einelti. Efnið er danskt að uppruna og nefnist á frummálinu Fri for Mobberi. Vináttuverkefnið felst í útgáfu á aldursskiptu námefti með raunhæfum verkefnum sem ætlað er börnum, foreldrum og starfsfólk leikskólans. Bangsinn Blær gegnir lykilhlutverki í námseftinu en hann birtist þar sem táknmynd vináttunnar. Námsftið byggir á rannsóknum



á einelti, ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi í leikskólanum. Í Leikskólanum Laugalandi er unnið með markvissum hætti með efnið frá 3 ára aldri, en bangsinn og kennsluefti svo sem veggspjöld eru einnig sjáanleg yngri börnum. Hugmyndafræði Vináttuverkefnisins endurspeglast í fjórum gildum; umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Þátttaka allra er lykilatriði í vinnu með þetta námsefti og mikilvægt að nota sem fjölbreyttust verkefni og vinnubrögð svo styrkleikar allra barnanna fái notið sín. Rannsóknir hafa leitt í ljós að í skólum þar sem unnið er markvisst með efnið sýna börn meiri samhyggð, umhyggju og hjálpssemi gagnvart hvert öðru. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins (Barnaheill, e.d.).

Hugarfrelsi

Hugarfrelsi er efti sem ætlað er foreldrum og kennurum til að hjálpa börnum og unglingum að auka einbeitingu, vellíðan og jákvæða hugsun. Efnið byggir á notkun fimm aðferða, sjálfsstyrkingu, öndun, jóga, slökun og hugleiðslu. Æfingar byggðar á þessum aðferðum má nota með öllum aldurshópum en til umfjöllunar hér verða öndunaræfingar. Í kennsluleiðbeiningum Hugarfrelsis er lagt til að gera öndunaræfingar að reglulegum þætti í daglegu starfi leikskólans, svo sem fyrir mat, fyrir hvíld og fyrir samverustund. Þá má finna mismunandi aðferðir við öndun, svo sem blöðruöndun, sápukúluöndun og geimflaugaöndun (Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir, 2016).

Aðferðir Hugarfrelsis má nota hvort heldur sem er með einstakling eða í hóp, en þegar öndunaræfingar eru gerðar í hóp eru aðferðirnar ákjósanlegar til að æfa þá færni að sameina athygli í hóp. Með yngri börnum má byrja á mjög einföldum æfingum og síðan er hægt að auka erfiðleikastigið jafnt og þétt. Með auknum þroska verða æfingarnar flóknari og reynir þá á börnin að fylgja eftir leiðbeiningum, fylgjast með stjórnanda og halda athygli við hópinn.

Ljáðu mér eyra – Undirbúningur fyrir lestur

Ljáðu mér eyra er kennsluefni sem ætlað er fyrir börn sem eru að hefja lestrarnám. Efnið samanstendur af fjölbreyttum verkefnum til að vinna með undirþætti hljóðkerfisvitundar. Ljáðu mér eyra er skipt í 10 undirkafla þar sem unnið er með sundurgreiningu, hljóðgreiningu, hljóðtengingu, hljóðflokkun, orðhlutaeyðingu og rím. Efnið er afar aðgengilegt og fylgja góðar útskýringar með markmiðum hvers þáttar og að sama skapi með hverju verkefni fyrir sig (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir, 2001).

Lubbi finnur málbein

Hljóðasmiðja Lubba er námsefni ætlað að efla hljóðkerfisvitund barna. Hugmyndafræði Lubba byggir í grunninn á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur um tileinkun íslenskra barna á íslensku málhljóðunum. Markmiðið með námsefninu er að börn læri málhljóðin í því ítt, með samþættingu heyrnar- og sjónskyns ásamt hreyfi- og snertiskyni. Framsetning málhljóðanna í hljóðasmiðjunni er í þeirri röð sem rannsóknir Þóru sýna að börn nái tökum á þeim. Hverju málhljóði fylgir síðan tákni og táknræn hreyfing, en að auki á hvert hljóð sína einkennisvísu sem samin er að Þórarni Eldjárn. Námsefnið byggir á fjölbreyttum verkefnum og má því aðlaga það að börnum frá eins árs og til yngstu bekkja grunnskólans (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2014).



Lærum og leikum með hljóðin

Lærum og leikum með hljóðin er námsefni útbúið af Bryndísi Garðarsdóttur, talmeinafræðingi. Efnið samanstendur af grunnbók, tveimur sérbókum fyrir S og R málhljóðin, framburðaröskjum, borðspilum og Hljóðalestinni. Markmið með notkun grunnefnisins er að undirbyggja rétta hljóðmyndun og framburð til undirbúnings fyrir lestrarnám. Til viðbótar efninu eru notuð smáforrit fyrir snjalltæki, *Lærum og leikum með hljóðin* og *Hljóðgreiningarleikur Hoppa*. Efnið er afar aðgengilegt og fjölbreytt, bæði fyrir kennara og foreldra (Bryndís Garðarsdóttir, 2001-2013).



Orðagull

Orðagull er málörvunarefni sem ætlað er að styrkja vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn. Efnið er ætlað til vinnu með elstu börnum leikskóla og yngstu nemendum grunnskóla. Efnið inniheldur einnig möguleikann á því að nota sjónrænar vísbendingar fyrir þá nemendur sem þurfa á slíku að halda. Verkefnunum fylgja því tvær útfærslur A og B og er það kennarans að meta hvor útfærslan henti nemandanum. Efnið samanstendur af 38 verkefnum og fylgja útskýringar og spjöld með sjónrænum vísbendingum öllum verkefnum (Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010). Efnið er einnig fánlegt sem smáforrit í spjaldtölvur og er ókeypis til niðurrhals.

SÓL

SÓL efnið samanstendur af tveimur bókum, Litlu SÓL og SÓL – spjallað og leikið. Í bókunum er fjöldinn allur af leikjum með tungumálið sem reyna á mismunandi þætti málproskans. Efnið í Litlu SÓL er ætlað börnum á aldrinum 0-3 ára en hin bókin er ætluð til vinnu með börnum á aldrinum 2-9 ára. Bækurnar eru kaflaskiptar með þeim hætti að litir á leikjum í hverjum kafla tilheyra ákveðnum þáttum innan TRAS málproskaskráningar. Bækurnar henta því afar vel til að vinna með niðurstöður TRAS og má þá einbeita sér að leikjum í þeim þáttum sem komu illa út í skráningu á málproska. SÓL bækurnar innihalda fjölbreytta

leiki og haldgóðar útskýringar á því hvaða aldri leikurinn sé ætlaður og hvaða efniviður þarf að vera til staðar (Bylander, 2008 og 2017).

Tákn með tali

Tákn eru notuð til að efla samskipti barna sem eru ekki farin að nota orð til tjáningar. Tákn með tali (TMT) er samskiptaaðferð sem byggir á samblandi orða, látbragðs og tákna og er ætluð þeim sem stríða við örðugleika í tali. Notkun TMT byggir á því að barn og sá sem það á í samskiptum við sameini athygli með því að nota tákn samhliða orðum. Barnið þarf því að fylgjast með handahreyfingum og látbragði á sama tíma og það hlustar. Getan til þess að eiga í samskiptum er mjög mikilvæg og rannsóknir hafa sýnt að notkun á táknum eflir þau börn sem styðjast við notkun tákna til samskipta (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2014). Fyrir yngri börn er notkun TMT því góð leið til að æfa barn í sameinaðri athygli og eflingu orðaforða. En aðferðina má einnig nota til að þjálfa eldri börn í setningagerð og frásögnum.



fiðrildi
• • •

Tónmál

Tónmál er námsefni í tónlist með áherslu á forlestrarfærni þriggja ára barna. Efnið byggir á rannsóknum Helgu Rutar Guðmundsdóttur á áhrifum tónlistar á þroska barna. En nýlegar rannsóknir gefa vísbendingar um að tónlistarþjálfun hafi marktæk áhrif á heyrnræna úrvinnslu bæði tónlistar og málhljóða. Bókin um Tónmál inniheldur greinargóðar leiðbeiningar um notkun efnisins ásamt geisladiski með tónlistinni sem notuð er með efninu (Helga Rut Guðmundsdóttir og Hildur Halldórsdóttir, 2015).

Tölum saman

Tölum saman er málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn. Efnið samanstendur af 11 þáttum sem hver um sig inniheldur fjölmörg verkefni. Verkefnin miðast við eldri börn í leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla. Gert er ráð fyrir því að leikskólakennari velji með markvissum hætti

hvaða þætti málþroska skuli unnið með og fylgir því skráningarkerfi fyrir kennara til að halda utan um vinnu með efnið. Í *Tölum saman* er unnið með hlustun, heyrnarminni og heyrnræna úrvinnslu, setningauppbýggingu, frásagnir, hljóðkerfisvitund, boðskipti og félagsfærni, málfræði, hugtök tengd stærðfræði svo og orð og hugtök tengd persónu og nánast umhverfi barnsins. Efnið er mjög aðgengilegt og hægt að vinna með fjölbreyttum hætti með börnum með fjölbreyttar þarfir (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2005).

Heimildaskrá

Ásthildur Bj. Snorradóttir, (2006). *Bína Bálreiða*. Reykjavík: Höfundur

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: Höfundar

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarney Sigurðardóttir. (2005). *Tölum saman*. Reykjavík, Gutenberg.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir. (2001). *Ljáðu mér eyra*. Reykjavík, Bókaútgáfan Skjaldborg.

Barnaheill, (e.d.). Vinátta. Sótt af <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>.

Bennett-Armisted, V.S, Duke, N.K. og Moses A.M. (2005). *Literacy and the Youngest Learner*. New York: Scholastic Inc.

Bjarney Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). *Orðagull*. Reykjavík: Höfundar.

Björn, P.M., Kakkuri, I., Karvonen, P. og Leppänen, P.H.T. (2012). Accelerating early language development with multi-sensory training. *Early Child Development and Care*, 182(3–4), 435–451. doi:10.1080/03004430.2011.646716

Brooks, P.J. og Kempe, V. (2012). *Language Development*. Chichester: PBS Blackwell.

Bryndís Guðmundsdóttir. *Lærum og leikum með hljóðin*. Allar bækurnar

Byington, T.A og Kim, Y.B. (2016). Jump-Starting Preschoolers' Emergent Literacy: The Entomologist Tool Kit. *The Reading Teacher* 70(5), 601–604. doi:10.1002/trtr.1540

Bylander, H.I. (2008). *SÓL – Spjallað og leikið*. (Margrét Tryggvadóttir,

- Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir þýddu). Herning: Special-pædagogisk forlag.
- Bylander, H.I. (2017). *Litla SÓL – Spjallað og leikið við yngstu börnin 0–3 ára*. (Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir þýddu). Herning: Special-pædagogisk forlag.
- Degotardi, S., Torr, J. og Nguyen, N.T. (2016). Infant-toddler educators' language support practices during snack-time. *Australasian Journal of Early Childhood* 41(4), 52–63.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn. Handbók*. Reykjavík: Námsmatsstofnun
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil. Leiðbeiningar og aldursviðmið*. Reykjavík: Framsaga.
- Elísabet Ólafsdóttir (e.d.). Handbók um hreyfingu – Skólaípróttir. Sótt af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12215/Handbok-um-hreyfingu_net_Kafli06.pdf
- Endurmenntun Háskóla Íslands. (2018). TRAS. Skráning á málproska ungra barna. Reykjavík: Höfundur
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2014). *Hljóðasmiðja Lubba – Handbók*. Reykjavík: Höfundar.
- Forrester, M. A. (2010). Emerging musicality during the pre-school years: A case study of one child. *Psychology of Music*, 38(2), 131–158.
- Gillis, A., Luthin, K., Parette, H.P og Blum, C. (2012). Using VoiceThread to Create Meaningful Receptive and Expressive Learning Activities for Young Children. *Early Childhood Education Journal*, 40, 203–211. doi:10.1007/s10643-012-0521-1

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (e.d. a). AEPS – færnimiðað matskerfi. Sótt af https://www.greining.is/static/files/2017/aeps_fin.pdf

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (e.d. b). Skipulögð kennsla TEACCH. Sótt af <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>

Hafðís Ásgeirsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Ragna Magnúsdóttir og Sigrún Björk Benediktsdóttir. 2016. Læsisstefna leik- og grunnskólans Laugalandi. Sótt af Læsisstefna (leikskolinn.is).

Halldóra Haraldsdóttir. (e.d.). Bernskulæsi: Hvað er bernskulæsi? Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/135>

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (1999). *Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.

Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Tónlistarþroski ungbarna og tónlistaruppeldi. Yfirlitsgrein. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/004.pdf>

Helga Rut Guðmundsdóttir og Hildur Halldórsdóttir. (2015). *Tónmál*. Reykjavík: Tónagull ehf.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu: Sögubýgging og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna – almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 9–31.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjögurra og fimm ára aldurs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Hrafnhildur Sigurðardóttir. (2010). *Með á nótunum 2*. Reykjavík: JPV útgáfan

Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir. (2016). *Hugarfrelsi, kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: NB forlag

Jóhanna Einarsdóttir. (e.d.). Leikskóli. Sótt af http://lesvefurinn.hi.is/ihlutun_leikskoli.

Lee, Y.J., Lee, J.S. og Lee, J.W. (1997). The Role of the Play Environment in Young Children's Language Development. *Early Child Development and Care*, 139(1), 49–71. doi:10.1080/0300443971390105

Leikskólinn Laugaland. 2015. Skólanámsskrá. Sótt af skólanámsskrá 2015 - lokaútgáfa pdf (1).pdf (leikskolinn.is)

Mashburn, A.J., Justice, L.M., Downer, J.T. og Pianta, R.C. (2009). Peer Effects on Children's Language Achievement During Pre-Kindergarten. *Child Development*, 80(3), 686–702.


Otto, B. (2018). *Language Development in Early Childhood Education*. New York: Pearson

Ragnheiður Gestsdóttir. (2010). *Í grænni lautu, söngvaleikir*. Reykjavík: Mál og menning.


Wood, E. (2013). *Play, Learning and the Early Childhood Curriculum*. London: Sage Publications Ltd.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Eftirfylgni með vinnuaðferðum þróunarverkefnis



Fylgiskjal 2. Verkferill vegna móttöku barna með annað móðurmál en íslensku



Fylgiskjal 3. Verkferlar sérkennslu og aðkoma skólapijónustu

